

Styrkir ríkisins til listamanna

108 stöðugildi listamanna á launum hjá ríkinu

Á síðustu fimm árum hafa 469 einstaklingar fengið ýmiss konar listamannastyrki úr ríkissjóði. Alls nema styrkir um 325 milljónum. Þeir sem fá hæstu styrkina fá um 50 þúsund krónur á mánuði úr ríkissjóði fyrir utan tekjur sem þeir hafa af vinnu sinni. Það er því hægt að líta á þá sem nokkurs konar ríkislistamenn.

Styrkir sem ríkið hefur veitt listamönnum beint skiptast í fernt; heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis, listamannalaun, laun úr Rithöfundasjóði og starfslaun listamanna.

Árið 1987 námu þessir styrkir samtals 54,3 milljónum á verðlagi dagsins í dag. Í fyrra voru þeir komnir upp í 70,4 milljónir.

Á þessu fimm ára tímabili voru styrkir veittir til 469 einstaklinga og fengu flestir þeirra einhverja styrki oft en einu sinni. Það lætur því nærri að fimmhundruðasti hver Íslendingur hafi fengið einhvers konar listamannastyrk á síðustu fimm árum.

Styrkir voru mjög misháir. Allt frá 3 milljónum og 785 þúsundum og niður í rúmar 82 þúsund krónur. Ef þessum fjárhæðum er skipt niður á mánuði hafa þeir styrkhæstu haft að meðaltali 75.700 krónur á mánuði frá ríkinu. Þeir sem hafa borið minnst úr býtum hafa hins vegar ekki verið með nema um 1.653 krónur á mánuði.

UNGIR MENN INNAN UM LÍFEYRISPEGANA Í HEIÐURSLAUNUNUM

Hæstu styrkir voru veittir sem heiðurslaun listamanna. Árið 1991 fóru 14 milljónir til 18 listamanna.

Það má segja að þeir skiptist í tvo hópa.

Annars vegar eru aldraðir listamenn sem í raun hafa lokið starfsferli sínum. Meðal þeirra má nefna af heiðurslaunalistanum frá í fyrra; *Halldór Laxness*, *Finn Jónsson*, *Maríu Markan* og *Jóhann Briem*. Sú er enda skoðun margra að heiðurslaunin séu í raun lífeyrissjóður stærstu listamanna þjóðarinnar. Þar sem þeir tengdust engum lífeyrissjóði á starfstíma sínum sé eðlilegt að ríkið greiði þeim lífeyri að launum fyrir framlag þeirra til listarinnar.

Hinn hópur listamannanna á

Styrkhæstu myndlistarmennirnir

1. Sigurður Örylgsson	2.136.000
2. Guðrún Kristjánsdóttir	1.438.000
3. Georg Guðni Hauksson	1.274.000
4. Magnús Kjartansson	1.224.000
5. Hulda Hákon	1.199.000
6. Elías B. Halldórsson	1.181.000
7. Gestur Þorgrímsson	1.141.000
8. Ásgerður Búadóttir	1.053.000
9. Sverrir Ólafsson	989.000
10. Tumi Magnússon	984.000
Ingólfur Amarsson	984.000

Allar upphæðir eru á verðlagi dagsins í dag.

Styrkhæstu rithöfundarnir

1-3. Hannes Pétursson	3.785.000
Indriði G. Þorsteinsson	3.785.000
Matthías Johannessen	3.785.000
4-5. Svava Jakobsdóttir	3.197.000
Thor Vilhjálmsson	3.197.000
6-7. Stefán H. Grímsson	2.967.000
Þorsteinn frá Hamri	2.967.000
8. Vigdís Grímsdóttir	2.937.000
9. Guðbergur Bergsson	2.819.000
10. Steinunn Sigurðardóttir	2.656.000

Allar upphæðir eru á verðlagi dagsins í dag.

Styrkhæstu tónlistarmennirnir

1. Jón Nordal	3.785.000
2. Leifur Þórarinnsson	1.645.000
3. Sigrún Eðvaldsdóttir	1.629.000
4. Sigfús Halldórsson	1.303.000
5. Hallgrímur Helgason	1.252.000
6. Finnur Torfi Stefánsson	1.170.000
7. Gunnar R. Sveinsson	1.152.000
8. Snorri Sigfús Birgisson	1.147.000
9. Atli Heimir Sveinsson	1.043.000
10. Jónas Tómasson	1.039.000

Allar upphæðir eru á verðlagi dagsins í dag.

heiðurslaunum er hins vegar enn í fullu fjöri. Meðal þeirra má nefna *Matthías Jóhannessen*, *Hannes Pétursson*, *Indriði G. Þorsteinsson* og *Jón Nordal*. Það er ekki hægt að líta á styrki til þessara manna sem lífeyrisgreiðslur. Einn þeirra, Jón Nardal, er meira að segja á launaskrá ríkisins sem skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík.

Í samantekt yfir styrkhæstu listamennina hér á síðunni eru því heiðurslaun yngri manna

tekin með öðrum styrkjum til starfandi listamanna. Það dugir þeim til að verða efstir, hver í sínum flokki.

Nú um áramót voru tveir nýir listamenn teknir upp í heiðursflokk Alþingis; þau *Thor Vilhjálmsson* og *Herdís Þorvaldsdóttir*. Sú ákvörðun bendir til að ekki sé ætlunin að breyta heiðurslaunum alfarið í lífeyrisgreiðslusjóð.

SJÁLFLISTA-MANNALAUNIN HAFU VERIÐ LÖGÐ AF

Í fyrra voru listamannalaun veitt í síðasta skipti. Í ár verða þeir fjármunir sem voru lagðir til þeirra felldir inn í starfslaunasjóði listamanna. Þeir munu því renna til færri, sem fá að sama skapi hærri upphæðir í hendur.


Þeir sem á annað borð fengu listamannalaunin gömlu fengu þau út ævina. Hvert ár fengu um eitt hundrað manna launin. Árið 1987 námu þau um 111 þúsundum króna að núvirði en í fyrra voru þau komin niður í um 82 þúsund krónur.

Vegna lítillar endurnýjunar var lítið af yngri listamönnum á listanum yfir þá sem fengu listamannalaun í síðasta skipti í fyrra. Meðalaldur styrkþeganna var líklega nálægt 70 árum. Mjög fáir yngri en fimmtugt hrepptu hluta af þeim.


Listamannalaunin voru veitt af þingskipaðri nefnd.

RITHÖFUNDARNIR FÁ LANGHÆSTU STYRKINA Fyrir utan heiðurslaun Al-


TOPPARNIR Í RITLISTINNI



Matthías Johannessen



Indriði G. Þorsteinsson



Hannes Pétursson

þingis og listamannalaun geta listamenn fengið styrki úr tveimur áttum; úr Launasjóði rithöfunda annars vegar og starfslaun listamanna hins vegar.

Í fyrra voru veittar 25 milljónir úr Launasjóði rithöfunda en 22,5 milljónir í gegnum starfslaun rithöfunda. Fyrir fimm árum var munurinn á þessum sjóðum meiri. Þá fékk Rithöf-

Einar Már Guðmundsson, *Pétur Gunnarsson* og *Birgir Sigurðsson*. Allt þetta fólk var með meira en 50 þúsund krónur á mánuði úr ríkissjóði að meðaltali á þessu fimm ára tímabili.


TÓNLISTARMENN OG MYNDLISTARMENN FÁ EINNIG DRJÚGA STYRKI

Tónlistarmenn og myndlistar-

Sigrún Eðvaldsdóttir fékk rétt örlitlu minna en Leifur.

108 STÖÐUGILDI Í LISTINNI


Þessir styrkir úr ríkissjóði segja ekkert til um laun listamannanna. Þeir hafa að sjálf-sögðu tekjur af vinnu sinni og leggast styrkirnir ofan á þær. Þeir eru óafturkræfir. Þótt rit-



Sigurður Örylgsson



Guðrún Kristjánsdóttir



Georg Guðni

undarsjóðurinn helmingi meira fé til ráðstöfunar en rann til starfslaunanna.

Það sýnir vel hversu öflugur Rithöfundasjóðurinn hefur verið að af þeim 84 listamönnum sem fengu eina milljón eða meira í styrk úr ríkissjóði voru 63 rithöfundar.

Þeir rithöfundar sem fá mest úr Rithöfundasjóðnum, *Thor Vilhjálmsson* og *Svava Jakobsdóttir*, fengu samtals 3 milljónir 197 þúsund krónur á þessu fimm ára tímabili ef listamannalaun þeirra eru talin með. Ef þessari upphæð er skipt niður í mánaðarkaup fengu þau um 64 þúsund krónur á mánuði frá ríkinu.

Þeir sem á eftir fylgja fengu lítið eitt minna; *Þorsteinn frá Hamri*, *Stefán Hörður Grímsson*, *Vigdís Grímsdóttir*, *Guðbergur Bergsson*, *Steinunn Sigurðardóttir*, *Þórarinn Eldjárn*,

mennt skipta með sér starfslaunum listamanna, þótt einn og einn rithöfundur slæðist með í úthlutun úr þeim sjóð. Eins og áður sagði hefur hann verið að sækja í sig veðrið á undanförmum árum og er nú aðeins um 10 prósentum minni en Rithöfundasjóðurinn. En vegna þess hversu miklu minni hann var í upphafi þess fimm ára tímabils sem hér er skoðað standast tónlistar- og myndlistarmenn engan samanburð við rithöfundana í þessari samantekt.

Sigurður Örylgsson hefur fengið hæstu styrkina í gegnum starfslaun listamanna eða 2 milljónir og 136 þúsund krónur. Það gera um 42.700 krónur á mánuði að meðaltali.

Fyrir utan Jón Nardal, sem fær heiðurslaun Alþingis, er *Leifur Þórarinnsson* styrkhæsti tónlistarmaðurinn. Hann fékk á tímabilinu 1 milljón og 645 þúsund krónur eða um 32.900 krónur á mánuði að jafnaði.

höfundur skrifi margfalda met-sölubók á styrk frá ríkinu greiðir hann styrkinn ekki til baka.

Eins og áður sagði veitti ríkið samtals um 325 milljónir í styrki sem renna beint til listamanna á þessu fimm ára tímabili. Ef reikna ætti út hvað það eru mörg stöðugildi væri ekki ósanngjarnt að reikna með lægstu launum til listamannanna þar sem þau leggast ofan á önnur laun. Miðað við 50 þúsund krónur á mánuði heldur ríkið því úti um 108 stöðugildum listamanna. Það eru fleiri stöðugildi en flestar stofnanir ríkisins geta státað af.


Hins vegar eru þessi stöðugildi setin af 469 einstaklingum. Margir þeirra verða því að setta sig við að fá aðeins hlutastarf í listinni frá ríkinu á meðan aðrir sitja þar í fullu starfi.

Gunnar Smári Egilsson

TOPPARNIR Í TÓNLISTINNI



Jón Nordal



Leifur Þórarinnsson



Sigrún Eðvaldsdóttir